

Alþingi
Erindi nr. P 143/390
komudagur 26.11.2013



REYKJANESBÆR

reykjanessaer.is

Nefndasvið Alþingis
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 26. nóvember 2013
Tilvísun: 2013110329/00.01

Efni: Tillaga til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanessbæjar, 37. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanessbæjar þann 21. nóvember 2013 var til afgreiðslu erindi nefndasviðs Alþingis dags. 13. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu Allsherjar- og menntamálanefndar til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanessbæjar, 37. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð fagnar frumvarpinu og vísar í ályktanir bæjarstjórnar um sama mál.

Meðfylgjandi eru ályktanir bæjarstjórnar Reykjanessbæjar um Landhelgisgæsluna frá 18. janúar 2011 og 3. maí 2011.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanessbæjar

Elísabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarstjóra

Reykjanessbær
Tjarnargötu 12
Póstfang 230

Sími: 421 6700
Bréfasími: 421 4667

reykjanessaer@reykjanessaer.is

18. janúar 2011

Kristinn Þ. Jakobsson lagði fram eftirfarandi bókun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar:

Í ljósi umræðu á ríkisstjórnarfundum þann 9. nóvember s.l. vill bæjarstjórn Reykjanesbæjar vekja athygli á að öll aðstaða fyrir Landhelgisgæslu Íslands er fyrir hendi á Suðurnesjum.

Á Reykjanesi er húsnæði, flugbrautir, góð hafnaraðstaða og stoðkerfi sem fullnægir þörfum Landhelgisgæslunnar að öllu leyti. Stórt og fullkomið flugskýli er á Ásbrú en árið 2000 var það endurnýjað. Njarðvíkurhöfn getur strax tekið við skipaflota Landhelgisgæslunnar. Frá Reykjanesbæ er stutt á aðalstarfssvæði Landhelgisgæslunnar, hafsvæðið í kringum Ísland. Þá má ætla að aukin starfsemi Landhelgisgæslunnar í kjölfar breytinga á starfsemi Varnarmálastofnunar, kalli á stærra húsnæði og nálægð við þau tæki og tól sem heyra undir hana.

Með flutningi Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar myndi ríkisvaldið sýna í verki stuðning sinn við endurreisn atvinnulífs á Suðurnesjum auk þess að gera Landhelgisgæsluna að mun öflugri stofnun til hagsbóta fyrir sjófarendur, sjúklinga og landsmenn alla.

Lýsir Reykjanesbær sig reiðubúinn til samstarfs við Innanríkisráðuneytið um hagkvæmnisathugun og undirbúning þess að flytja Landhelgisgæsluna til Suðurnesja í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands.

Ályktunin var undirrituð af öllum bæjarfulltrúum.

3. maí 2011

Landhelgisgæslan á Keflavíkurflugvöll

Kostnaður við rekstur atvinnumannaliðs er meiri en núverandi fyrirkomulag hvar sem staðsetningin er.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar lýsir vonbrigðum með niðurstöður Innanríkisráðuneytisins vegna hagkvæmnisathugunar Deloitte á kostnaði við að flytja Landhelgisgæsluna á öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Í könnun Deloitte er kostnaður við rekstur gæslunnar eins og hann er í dag, þar sem fyrirkomulag áhugamannaliðs er við líði, starfsmenn á bakvöktum og útkallstími því umtalsverður, borin saman við rekstur atvinnumannaliðs þar sem starfsmenn eru á vakt öllum stundum, starfsmannafjöldi langtum meiri og útkallstími því miklu styttri.

Enn fremur er gert ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að greiða starfsmönnum laun og bílastyrki fyrir að aka til vinnu í Reykjanesbæ, greiðslur sem Suðurnesjamenn þekkja ekki til að fá greiddar þrátt fyrir störf á höfuðborgarsvæðinu.

Sá kostnaður sem Deloitte telur að hljóti af flutningi gæslunnar til Suðurnesja er því ekki vegna flutningsins heldur vegna þeirrar hugmyndar að stórauka starfsemi gæslunnar, fjölga starfsmönnum og auka öryggi þeirra sem þurfa á þjónustu gæslunnar að halda.

Ekki er lagt mat á að með flutningunum mun rekstur og þjónusta gæslunnar aukast, styttra er á þjónustusvæði gæslunnar frá Reykjanesbæ. Ekki er heldur lagt mat á að húsakostur sá er Landhelgisgæslunni stendur til boða á Keflavíkurflugvelli er í raun eins og hannaður fyrir það hlutverk sem hún á að sinna. Þá eru þau verkefni sem áður voru hjá Varnarmálastofnun og Landhelgisgæslan sinnir nú, í uppnámi og hætta er á að þau störf flytjist úr landi, sinni Landhelgisgæslan þeim ekki.

Bæjarstjórn telur mikil tækifæri felast í að láta Landhelgisgæsluna taka yfir störf fyrrum Varnarmálastofnunar og telur ófært að hagkvæmnisathugun sem nú virðist liggja fyrir skuli ekki taka til þess þáttar einnig.

Mikilvægt er að samráðsvettvangur stjórnvalda og sveitarfélaga á Suðurnesjum fari rækilega yfir þá vinnu sem þegar hefur verið lögð fram og vinni áfram að því að fullgera hagkvæmnisathugun þar sem samræmis er gætt í samanburðartölum og allir kostir verkefnisins eru skoðaðir og metnir.

Ályktunin var undirrituð af öllum bæjarfulltrúum.